18/1 1955

STARFSSKÝRSLA.

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku, 1954.

Girðingar. Viðhald girðinga var ekki kostnaðarsamt á árinu.

Veturinn var mjög snjóléttur og fóru girðingar óvíða undir fönn, svo til skaða yrði. Voru því lítil brögð að því, að búpeningur kæmist inn í skógræktargirðingar, en á því er jafnan hætta ef girðingar fenna í kaf.

Mun óhætt að fullyrða, að hvergi hafi orðið neinar teljandi skemmdir á skógargróðri af völdum búfjár.

1 Ný skógræktargirðing var sett upp í Skaga - firði á vegum Skógræktar ríkisins, að Úlfsstöðum í Skagafirði, en engin í Húnavatnssýslum.

Úlfsstaðagirðingin er 7 þætt gaddavírsgirðing með járn- og tréstaurum, 400 m. á lengd.

Á vegum Skógræktarfélags Skagfirðinga og einstaklinga í Skagafirði hafa verið settar upp 5 skógræktargirðingar á árinu: Á Höfðaströnd við Hofsós, að Hróarsdal í Hegranesi, að Sunnuhvoli í Blönduhlíð, að Flugumýri í Blönduhlíð og á Nöfum

vestan við Sauðárkrók. utan við Sk.R.

Hofsósgirðing. Eign skógræktardeildarinnar í Hofsósi. Flatarmál 1 ha. 7 þætt gaddavírsgirðing, tréstaurar. Lengd 4oo metrar.

Hróarsdalsgirðing. Eign ábúanda, Sigurðar Jónassonar. Flatarmál 1 ha. 7 þætt gaddavírsgirðing, tréstaurar. Lengd 4oo metrar.

Sunnuhvolsgirðing. Eign ábúanda, Friðriks Hinnrikss. Flatarmál 1 ha. Net og 2. gaddavírsstrengir, tréstaurar. Lengd 4oo metrar.

Flugumýrargirðing. Eign Ingimars Jónssonar, Flugumýri. Flatarmál 2 ha. Net og 2 gaddavírsstrengir, tréstaurar. Lengd 5oo metrar.

Sauðárkróksgirðing. Eign skógræktardeildar Sauðárkróks. Flatarmál 4 ha. Net og 2 strengir gaddavír, járn-og tréstaurar. Lengd 6oo metrar.

Ofanskráðar girðingar hafa verið styrktar að nokkru af Skógræktarsjóði Skagafjarðarsýslu.

Í Austur-Húnavatnssýslu var sett upp 1 skógræktargirðing, að Brekku í Þingi. Eign ábúanda, Magnúsar Jónssonar. Flatarmál o,3 ha. 6 þætt gaddavírsgirðing, tréstaurar. Lengd 25o metrar.

Græðireiturinn. Í vor flutti ég út til gróðursetningar 46.967 trjáplöntur. Er þetta mun meira magn en að undanförnu.

Til samanburðar má geta þess, að 1953 voru fluttar út frá Laugabrekku 26.254 plöntur.

Hefi ég jafnan fylgt þeirri reglu að flytja sjálfur plönturnar til kaupendanna og aðstoða nokkuð við gróðursetningu.

Tegundir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skógarplöntur: | Birki.......25.320 st. | + 482 = | 25.802 |
| " | Skógarfura,,,12.130 " | + 64 = | 12.194 |
| " | Rauðgreni.... 3.455 " | + 18 = | 3.473 |
| " | Lerki.........3.010 " | + 534 = | 3.544 |
| " | v Sitkagreni... 1.150 " | + 125 = | 1.275 |
| | Samtals 45.065 plöntur. | | 46.288 |

| | |
|---|---|
| Garðplöntur: | Birki........482 st. |
| " | Reynir.......234 " |
| " | v Lerki....... 534 " |
| " | v Sitkagreni.. 125 " |
| " | v Rauðgreni... 18 " |
| " | Al-Ösp...... 189 " |
| " | Þingvíðir... 112 " |
| " | Gulvíðir.... 54 " |
| " | v Skógarfura... 64 " |
| " | Ribs......... 90 " |

Samtals 1.902 plöntur.

Skógarplöntur og garðplöntur. Samtals 46.967 st.

Úr Laugabrekkureit Alls. 25.422 -

| | | |
|---|---|---|
| Dreifsett: | Skógarfura....... | 2.000 st. |
| " | Þingvíðir........ | 50 " |
| " | Ribs............. | 50 " |
| | Samt. | 2.100 |

## Fræsáning.

| Tegund fræs | Uppruni | kg. | m2 |
|---|---|---|---|
| Birki............ | Bæjarstaðask. Íslandi............ | 2.9 | ....90 |
| Birki........... | Homer, Kenai, Alaska.................. | 2.0 | ....60 |
| Skógarfura..... | Troms-hlíðar, Noregur................. | 2.0 | ....80 |
| Sitkag.,Hvítgr.. | Lawing M.P. Kenai, Alaska............ | 1.0 | ....25 |
| Kontortafura.... | Skagway, Alaska...................... | 0.4 | ....16 |
| Lerki......... | Altai, Chebalinsky, U.S.S.R........... | 0.25 | ....15 |
| Fjallaþinur.... | Skagwai, Alaska....................... | 0.5 | ....20 |
| Rauðgreni...... | Rana, Noregur......................... | 1.0 | .... 50 |
| | Samt. | 10.05 kg. | 356 m2 |

Sáning fór fram dagana 15.- 18. mai.

## ÁÆTLUN.

um söluhæfar plöntur vorið 1955.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skógarplöntur. | Birki...... | 3/0....... | 35.000 st. |
| " | Blágreni... | 4/0....... | 3.000 " |
| " | Hvítgreni.. | 4/0...... | 3.000 " |
| " | Sitkagreni | 4/0....... | 3.000 " |
| " | Rauðgreni.. | 4/0........ | 2.000 " |
| " | Lerki...... | 4/0...... | 300 " |

Samtals 46.300 plöntur.

| | | |
|---|---|---|
| Garðplöntur | Alaska-ösp...... | 1oo st. |
| " | Rauðgreni....... | 5oo " |
| " | Sitkagreni...... | 17o " |
| " | Þingvíðir....... | 3oo " |
| | Samtals | 1o7o Plöntur |

Áburður í græðireit. Húsdýraáburður og tilbúinn áburður var borinn í fræbeðinn. Magn per. 1oo m2: 7oo kg. húsdýraáburður, 4 kg kalksalpetur, 3 kg þrífosfat, og 3 kg kalí.

Spírun. Árangur af sáningunni var mjög misjafn. Birkið spíraði nálega ekki neitt. Gat ekki verið öðru um að kenna en ónýtu fræi. Í kontortafuru og fjallaþini var spírun fremur lítil, en hinar tegundirnar spíruðu ágætlega.

Sáð var að mestu undir striga. Gler aðeins yfir 15 fermetrum.

Vöxtur í fræbeðum. Vorið var hlýtt og hófst vöxtur í með fyrsta móti. En með júlí kólnaði í veðri og var sumarið óvenju kalt. Allur vöxtur var því mjög hægfara eftir júnílok.

Laufgun byrjaði með mai, en lauffall hófst um 2o. sept. og lauk um miðjan október.

Ferðalög. Á árinu hafði ég nokkuð meiri ferðalög en s.l. ár. Var mun meira unnið að skógækt hér nyrðra

í sumar en gert hefur verið að undanförnu, enda hefur plöntusalan aukist um 2o.ooo plöntur frá því sem nún var 1953.

Einnig valdi ég land til skógræktar og sá um uppsetningu á 6 nýum skógræktargirðingum í Skagafirði og einni í Húnavatnssýslu.

Allar trjáplöntur flutti ég til gróðursetningar eftir að hafa ferðast um að safna plöntupöntunum og áhveða hvaða tegundir myndu heppilegastar fyrir viðkomandi reiti. Einnig fór ég margar ferðir vegna viðhalds á girðingum, og til að fylgjast með trjáreitum og fyrirbyggja ágang fénaðar í þá. Jafnframt vann ég nokkuð við grisjun, mest að Víðivöllum í Blönduhlíð og Haukagili og Hofi í Vatnsdal.

Seint í sumar fó ég um allar skógræktargirðingar í Skagafirði vegna skýrslugerðar um tegundir og magn trjáplantna á hverjum stað.

Til Reykjavíkur fór ég 3 ferðir á árinu: í marz sat ég þar fund skógarvarða, í október fór ég á fund skógræktarstjóra og í desember vegna fullnaðaruppgörs ársreikninga.

Til Hallormsstaðar fór ég í júlí og sat þar aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

Laugabrekku, 1. jan. 1955.

Sigurður Jónasson